
F U N D A R G E R ð

Fundur:	64. fundur Starfshóps um rekstrartruflanir.
Fundartími:	Mánudagur 15. september 1997, kl. 13:00
Fundarstaður:	Landsvirkjun, stjórnstöð, Bústaðavegi
Fundarefni:	1) Skýrsla um truflanir á landinu undanfarin ár og þátttaka Orkustofnunar í starfinu.
	2) Verkefni ársins 1998.
	3) Fundur Nordel nefndar, STÖRST.
	4) Staða skráningar ársins 1997.
	5 Önnur mál.

Á fundinn mættu:

START:	Guðmundur I. Ásmundsson Rúnar Svavar Svavarsson Jakob Ólafsson Kjartan R. Arnason
Orkustofnun:	Árni Ragnarsson Bergur Jónsson
Landsvirkjun:	Eggert Guðjónsson Helga Jóhannsdóttir
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson

- 1) ÁR sagði að Ólafur Pálsson væri í frí og hefði því ekki getað mætt og þar af leiðandi lítið að segja um skýrslu um truflanir. Hann sagði að rætt hefði verið á Orkustofnun um þátttöku þeirra í þessu starfi. Komið hefði upp sú tillaga að Bergur Jónsson sæi um þetta starf fyrir stofnunina en hann starfar fyrir Iðnaðarráðuneytið og er með aðstöðu á Orkustofnun og mun jafnframt vinna að hluta fyrir stofnunina. ÁR taldi að útgáfa á skýrslu um truflanir á landinu samræmdist hlutverki Orkustofnunar en sagði að stofnunin væri ekki tilbúin að sinna öðrum þeim þáttum sem fram koma í bréfi frá 1990. Þá sagði hann að þeir gætu haldið áfram að dreifa eyðublöðum en vildu þó helst losna við það hlutverk. Hann taldi að þá væri óþarfi að vera með gagnagrunn um einstakar truflanir á Orkustofnun heldur mætti fá gögnin á samandregnu formi. BJ sagði að lítið væri búið að ræða þetta verkefni en að sér litist vel á það. Hann taldi gott að Orkustofnun skuli halda utanum þessa hluti.

Rætt var um það hvort bæta ætti við árunum 1995 og 1996 í skýrslu og töldu fundarmenn það áhugavert ef það mundi ekki seinka skýrslunni verulega. Stefnt er að því að skýrslan komi út á þessu ári. BJ ætlar að ræða við Ólaf Pálsson og JV er síðan tilbúinn að fara yfir starf og gögn START hópsins með honum.

- 2) Rætt var um verkefni ársins 1998. JV sagðist hafa nefnt á síðasta fundi hvort hópurnir vildi ekki fjalla frekar um gæði raforku og einnig sagði hann áhugavert að huga betur að viðhaldspættinum til að sjá hvort ekki væri hægt að nýta meira þau gögn sem skráð væru um viðhald og tengja þau við aðra skráningu. HJÓ sagði að erfitt væri að nýta skráningu á viðhaldi þar sem ekki væru skráðar sérstaklega upplýsingar um allar einingar sem væru samtímis í viðhaldi. EG tók undir þetta og sagði að einnig væri spurning á hvern hátt þetta tengdist viðhaldskerfum fyrirtækisins og hvort ekki væri verið að tvískrá upplýsingar. HJÓ fór síðan yfir stuðla um gæði raforkuafhendingar sem notaðir eru í nýjustu skýrslu Landsvirkjunar um truflanir í kerfinu. Þessir stuðlar eru fengnir frá Kanada og skilgreining þeirra er nokkuð óljós og því getur verið erfitt að nota þá til samanburðar milli veitna. JV sagði að í Noregi væri aukinn áhugi á áreiðanleikamálum í kjölfar þess að samkeppni var innleidd á markaðinum og sýndi í því sambandi 4 nýjar skýrslur frá EFL.

Varðandi gæði raforku töldu fundarmenn það áhugavert að skoða þau mál. GIÁ sagði að Landsvirkjun væri að setja upp vissar mælingar í því sambandi. RSS sagði að Rafmagnsveita Reykjavíkur væri búin að kaupa mælitæki til slíks og JÓ sagði að Orkubú Vestfjarða hefði áhuga á slíku.

JV sagði að vinna við föst verkefni hópsins gæti numið um 460 tímum á næsta ári. Ákveðið var að stefna að því á næsta ári að skoða stuðla um afhendingu raforku. Hópurinn ætlar einnig á næsta ári að velta fyrir sér viðhaldsmálum og gæðum raforku. Miðað er við að vinna fyrir hópinn verði svipuð á næsta ári og þessu eða um 700 tímar. JV ætlar að senda til fulltrúa í START áætlun um starfið á næsta ári.

- 3) GIÁ sagði að í lok þessarar viku yrði fundur í STÖRST nefndinni. Hann sagði að okkar gögn hefðu verið send í vor og einnig væri búið að fara yfir gögnin eins og þau væru skráð hjá STÖRST. Hann sagði einnig að tillögur væru komnar um breytingar á þessu norræna samstarfi. Samkvæmt því ættu áfram að vera tvær nefndir en sú breyting yrði að öll vinnslan yrði í annarri en flutningurinn í hinni. Drög að efnisinnihaldi skýrslan sem nefndirnar munu vinna væri í góðu

samræmi við þær hugmyndir sem við sendum vinnuhópnum sem vann að þessum tillögum. Helst þyrfti að huga að því á hvern hátt jarðgufustöðvar yrðu meðhöndlaðar. Hann benti einnig á að Landsvirkjun hefði alfarið staðið undir þessu starfi og ef við ætlum að taka þátt í báðum nefndunum væri spurning hvort önnur veita væri tilbúin að taka þátt í nefndinni um flutningskerfið.

- 4) Skráning gengur vel hjá öllum veitunum og því engar athugasemdir við hana.
- 5) RSS sagðist hafa sent samning áfram til Hitaveitu Suðurnesja.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ekki ákveðinn. Fundi slitið kl. 14:45.

Jón Vilhjálmsson